

Ársskýrsla Bókasafns Grundarfjarðar 2020

Breytingar í Sögumiðstöðinni 2021.

Árin 2013-2016 áttu eldri borgarar og Vinahúsið athvarf með vinnu- og tómstundaaðstöðu í vestursalnum og aðgang að eldhúsinu. Ferðafólki smáfjölgaði eftir að sprenging varð í heimsóknum sumarið 2015. Eftir starfsemi Kaffi Emil í þrjá vetur og sumur til haustsins 2019 tók við Covid-19 ár þar sem dró úr heimsóknum á bókasafnið og Bæringsstofa og miðsalurinn voru mjög lítið notuð árið 2020. Gallerí var þó í gangi í tvo mánuði en íslenskt ferðafólk var fátt og þjónusta við þá sinnt af starfsfólki á bókasafni og starfskonum gallerísins.



Í upphafi ársins 2021 var byrjað á breytingum á húsnæðinu sem hýsa á samfélagsmiðstöð bæjarbúa og þá voru allar hillur bókasafnsins færðar inn í vestursalinn og farið að ganga um vesturdyrnar. Framundan er annað sumar með einhverjum samkomutakmörkunum fyrri part sumars.



Ný verkefni

Miklar breytingar eru orðnar í nýtingu safnkosts bókasafnsins síðustu örfá misseri og hafa yndislestrarútlán dregist verulega saman. Þetta sést á tölum um notkun bókasafnsins og er kominn tími til að skoða hvaða verkefnum má sinna yfir vetrartímamann og á sumrin meðan fáir gestir koma á Upplýsingamiðstöðina. Auglýstur opnunartími er 16 tímar á viku yfir vetrartímamann og var fjórir tímar á dag, 5 daga vikunnar sumarið 2020. Framundan er sumarið 2021 með auglýstum þjónustutíma á upplýsingamiðstöð alla daga frá kl. 9-17. Vegna þess að óljóst er hve mikið starfsfólk verður upptekið við þjónustu við ferðafólk og notendur bókasafnsins er nauðsynlegt að finna verkefni sem má vinna jafnframt þeirri vinnu allt árið. (Sjá töflu neðst).



Starfsemin árið 2020

Storytel og Rafbókasafnið

Lestrarhegðun landans er mikið að breytast þessi árin. Storytel hefur safnað að sér helstu útgefendum hins vestræna heims og gert dreifingarsamning við stærstu bókaútgáfu á Íslandi sem felur í sér aukið úrval hljóð- og rafbóka. Um leið hafa útgefendur dregið lappirnar við að semja við almenningsbókasöfn á Íslandi um aðgang að rafrænum bókakosti þeirra í rafbókasafninu sem er opið öllum þeim sem eru með gild skírteini í almenningsbókasöfnum á Íslandi. Samningurinn við Storytel styður ekki jafnan aðgang almennings að bókmenntum eins og bókasöfnin vinna eftir.

Forlagið og Storytel falla frá samruna:

<https://www.ruv.is/frett/2020/12/21/forlagid-og-storytel-falla-fra-samruna>



Undanfarin ár hafa útlán á bókasöfnum dregist saman eða staðið í stað þrátt fyrir aukna aðsókn á flestum bókasöfnum. Barnastarf og viðburðir á bókasöfnum draga að gesti og sú tilhneiging vinnandi fólks að koma við á bókasafni á leið heim úr vinnu hefur aukist síðustu árin í stærra þéttbýli. Þess vegna læðist þessi umbreyting á hlutfalli heimsókna lánþega og útlánnum að okkur óvörum.

Í Grundarfirði er nokkuð annað mynstur í heimsóknum og útlánnum en þó kunnuglegt þegar málin eru rædd í hópi smábókasafna. Líklega skýrist hröð fækkun heimsókna og minnkandi útlán síðustu ár nokkuð af fyrrnefndri raf- og hljóðbókavæðingu en útslagið gera síðan samkomutakmarkanir í Covid-19 heimsfaraldrinum síðastliðið ár, 2020.



Útlánnum námsbóka og yndislestrarbóka fjölgaði í grunnskólanum síðustu ár meðan almennum útlánnum til almennings fækkaði töluvert: 32% frá 2017 til 2020 og 45% fækkun frá 2015 til 2020, sjá töflur.

Útlán og endurlán eftir lánþegastöðu og kyni 2020				
Lánþegastaða	Karl	Kona	Ótilgreint	Samtals
Alm	234	1060	0	1.294
3	10	52	0	62
4	0	109	2	111
Starfs	1	333	0	334
Nem gr.	1.234	834	112	2.180
Nem frh	0	29	0	29
Nem hás	3	0	0	3
MSL	0	3	13	16
Samtals	1.482	2420	127	4.029

Útlán og endurlán eftir lánþegastöðu og kyni 2015				
Lánþegastaða	Karl	Kona	Ótilgreint	Samtals
Alm	592	1764	5	2.361
Starfs	1	146	0	147
Nem gr.	702	812	13	1.527
Nem frh	8	36	0	44
Nem hás	11	9	0	20
MSL	0	0	256	256
Samtals	1.314	2.767	274	4.355

Samspil fjölda lánþega og útlána.

L01 Lánþegar eftir lánþegastöðu 2020						
Lánþegastaða	Karl	Kona	Ótilgreint	Samtals	Heimsóknir	Útlán
Almennir lánþegar	17	57	0	74	650	1.467
Starfsfólk	0	7	0	10		334
Nem. grunnskóla	73	48	2	123* (um 100)		2.180
Nem. framhaldsskóla	0	10	0	10		29
MSL-millisafnalán	0	0	Lánuð: 3	3		Lán: 16
***** Samtals	90	122	6	218		

*Samtala úr Gegni.

Útlán eftir fæðingarárátug						
2020.						
Áratugur	Karl	Kona	Ótilgreint	Útlán samtals	Fj.lánþega	lán/mann
1900-1909	0	46	0	46		
1920-1929	15	0	0	15		
1930-1939	68	77	0	145	5	29
1940-1949	59	227	0	286	14	20.5
1950-1959	56	355	0	411	18	23
1960-1969	1	163	11	175	12	14.5
1970-1979	28	127	0	155	10	15.5
1980-1989	9	83	0	92	12	7.5
1990-1999	2	121	2	125	7	18
2000-2009	449	406	2	857	52	16.5
2010-2019	795	496	0	1.291	81	16
Samtals	1.482	2.101	15	3.598		

Lánþegar fæddir 1950-1989 fengu lánaðar 1.824 bækur og tímarit árið 2015 en sú tala hrapaði niður fram til 2020 um 54%.

U05 Útlán og endurlán eftir fæðingarárátug 2020				
	2015	2017	2019	2020
1950-1959	629	574	449	411
1960-1969	440	336	244	175
1970-1979	527	207	187	155
1980-1989	228	204	118	92
	1824	1321	998	833
	54%>	37% fækkun		>2020

U08 Útlán og endurlán eftir efnistegund eintaks 2020	
Efnistegund	Fjöldi
Bók (BOOK)	3.911
Tímaritshefti (ISSUE)	118
***** Samtals	4.029


Útlán annarra gagna en bóka og tímarita er liðin tíð.

Árið 2020 hafði útlánnum til nemenda, fæddir frá árinu 2000, hins vegar fjölgað um 46% frá 2015 til 2020 með um 1000 eintaka útlánatoppi árið 2019. Líklega er þarna um breytt vinnulag að ræða í grunnskólanum (sjá töflur).

Geymslur bókasafns og grunnskóla

Fjöldi eintaka í bókasafni og grunnskóla voru 29.953 í árslok 2020. Þau skiptast á milli grunnskóla, 11.590 eintök, bókasafns í Sögumiðstöð 10.436 eintök og sameiginlegur safnkostur í geymslu að Grundargötu 30 er 7.790 eintök.

Vinna stendur yfir við að grísa útelt efni og gamalt og voru 790 eintök bóka afskráð meðan 932 **bækur** bættust við safnkostinn árið 2020. Þessi vinna heldur nú áfram af krafti árið 2021. Sem dæmi eru flestir eldri árgangar tímarita sem til eru í geymslu komnir á Tímarit.is. Bækur í okkar safni sem eru til á vefnum eru taldar í fáum tugum.



Bókasafn Grundarfjarðar í Sögumiðstöðinni.

Grundargötu 35

Sími 438 1881

Netfang: bokasafn@grundarfjordur.is.

Bókasafnið er opið mánudaga til fimmtudaga kl. 13:00-17:00.

Veitt er aðstoð við millisafnalán og almenna upplýsingaleit. Hægt er að skila bókum í kassa við afgreiðsluna og skrá útlán þegar húsið er opið vegna annarrar starfsemi og starfsfólk bókasafnsins er ekki við.

Pantanir á bókum eru afgreiddar á bókasafni, við dyr bókasafns vegna Covid-19 eða sendar heim.

Pólska „bókasafnið í kassanum“ er útibú frá pólska bókasafninu í Ólafsvík. Sjálfsafgreiðsla.

Rafbókasafnið sem er sameiginlegt rafbóka- og hljóðbókasafn almenningsbókasafna á Íslandi. Árskortið með notandanafni og lykilorði veitir aðgang. Í Grundarfirði er ekki greitt árgjald.

Forstöðumaður er Sunna Njálisdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur.

Starfsmaður skólabókasafns er G. Lilja Magnúsdóttir.

Ábyrgð á ársskýrslu: Sunna Njálisdóttir, apríl 2021.